

Reykjavík, 1. nóvember 2021



Dagur íslenskrar tungu

16. nóvember

Ágæti viðtakandi.

Degi íslenskrar tungu, fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, verður fagnað í tuttugasta og sjötta sinn þriðjudaginn 16. nóvember nk. Dagurinn hefur fest sig í sessi sem sérstakur hátíðisdagur íslenskunnar og gefur kjörið tækifæri til þess að fagna því sem vel er gert.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum standa saman að undirbúningi og kynningu á degi íslenskrar tungu og vilja hvetja sem flesta skóla og stofnanir til þess að fagna honum með því að hafa íslenskuna í öndvegi.

Minnt er á að dagur íslenskrar tungu er opinber fánadagur og því mælt til þess að opinberar stofnanir dragi fána að hún í tilefni dagsins.

Dagskrá hátíðisdagsins er með hefðbundnu sniði þar sem íslenskan verður í heiðri höfð. Kastljósinu verður beint að skáldskap Jónasar Hallgrímssonar og verðlaun og viðurkenningar veittar þeim sem hafa unnið íslenskri tungu sérstakt gagn. Hátíðardagskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis verður að þessu sinni í Vestmannaeyjum. Einnig verður málþing í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins í tilefni þess að vefgáttin málið.is á fimm ára afmæli. Verður ný gerð hennar kynnt í tilefni dagsins.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur umsjón með ýmsum verkefnum sem tengjast viðburðum á degi íslenskrar tungu. Þeir sem vilja kynna viðburði sína geta sent ábendingar um slíkt á netfangið ingibjorg.thorisdottir@arnastofnun.is. Almennar upplýsingar um dag íslenskrar tungu má finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis og á Facebook-síðu dags íslenskrar tungu (<https://www.facebook.com/dagur.isl.tungu/>).

Nánari upplýsingar veita Ingibjörg Þórisdóttir (ingibjorg.thorisdottir@arnastofnun.is) og Laufey Kristjánsdóttir (laufey.kristjansdottir@mrn.is).

Með von um góðar undirtektir og kærri kveðju,

Lilja D. Alfreðsdóttir,
mennta- og menningarmálaráðherra

Guðrún Nordal,
forstöðumaður Stofnunar Árna
Magnússonar í íslenskum fræðum